



Upphaf annar


Nú er vorönnin komin vel af stað og skólalald komið í eðlilegt horf. Samhliða fyrstu dögum annarinnar voru haldin endurtektarpróf fyrir þá nemendur sem misstigu sig í lokaprófunum um jólin. Það má fylgja með að nemendur stóðu sig yfirleitt vel á þessum prófum því um 72% úrlausna skiluðu nemendum fullnaðareinkunn í áfanganum. Þeir sem ekki náðu þurfa að endurtaka áfangann í fjarnámi, sbr. [reglur um námsmat, próf og verkefni](#). Rétt er í þessu sambandi að vekja athygli á reglu 5.2, sem nemendur horfa gjarnan til eftir próf og vilja komast hjá því að endurtaka áfanga í fjarnámi. Áður hefur verið fjallað um þessa reglu og mögulegar afleiðingar hennar, sjá [7. tbl. Vefritsins 2. árg.](#)

Á vorönninni nær félagslífið hápunkt sinn með Nemendamótinu og útgáfu Verzlunarskólublaðsins. Þetta eru því annasamir tímar hjá mörgum nemendum og töluverð ábyrgð á herðum þeirra sem hafa valist til forystu. Það er því mikilvægt að þeir skipuleggi tíma sinn vel og láti ávallt námið hafa forgang. Foreldrar nemenda í 3. og 4. bekk eru að vanda hvattir til þess að fylgjast vel með mætingu og námsframvindu barna sinna. Rétt er að benda foreldrum þeirra sem náð hafa 18 ára aldri á að nemendur geta sjálfir stillt heimasvæði sitt þannig að foreldraáðgangur verði virkur.

Stafsetning í 3. bekk

Skólinn leggur áherslu á að nemendur skólans hafi góð tök á réttitun og fái stuðning til þess að bæta sig ef á þarf að halda. Nemendur á fyrsta ári sem ekki náðu 4,5 í stafsetningu á jólaþrófi eru nú skráðir í sérstakan stafsetningaráfanga í fjarnámsumhverfinu. Þessi áfangi, STA101, er nemendum að kostnaðarlausu en til þess er ætlast að nemendur sýni metnað í verki og vinni vel í áfanganum enda gefur hann

einingu. Foreldrar og forráðamenn eru hvattir til þess að ræða við börn sín um mikilvægi þess að stafsetja rétt og kosti þess að nýta þá aðstoð sem skólinn býður upp á. Auk þess að hafa aðgang að fjarnámsumhverfinu hitta nemendur kennara sinn reglulega og er þá farið nánar í reglur og æfingar. Standist nemandi ekki áfangann hefur það ekki frekari áhrif á námsframvindu hans.



Brautskráning

Brautskráning stúdentsefna verður laugardaginn 24. maí klukkan 14:00.

Verzló á grænni grein

Það er okkur ánægja að tilkynna að skólinn okkar hefur verið samþykktur sem „Skóli á grænni grein“. Skólar á grænni grein er alþjóðlegt verkefni sem miðar að því að efla umhverfismennt og -vitund í skólum og vinna að menntun til sjálfbærni. Verkefnið er rekið í tæplega 60 löndum um allan heim og er hérlendis undir umsjón Landverndar.

Fáir framhaldsskólar hafa fram til þessa tekið þátt í þessu verkefni, sem aðallega hefur beinst að leik- og grunnskólum. Þar sem nemendur framhaldsskóla eru orðnir talsvert eldri og þroskaðri er vinna í gangi til að finna æskilega nálgun framhaldsskólanema að verkefninu. Í

því skyni hefur verið stofnað til „heimskaffis“ þar sem nemendur og starfsfólk skólanna er kallað til og fá þeir þar tækifæri til að viðra hugmyndir sínar. Verzlunarskóli Íslands er aðili að því samstarfi.

Þegar hefur verið hafinn undirbúningur að innleiðingunni í skólanum en lokaskrefið í ferlinu er að skólinn flaggi Grænfánanum. Til að svo geti orðið þarf skólinn að hafa lokið ákveðnum skrefum til bættrar umhverfisstjórnunar. Væntum við þess að nemendur og starfsfólk taki þátt í verkefninu á jákvæðan hátt, þannig að við getum flaggað Grænfánanum áður en langt um líður.

Foreldrafundur

Miðvikudaginn 29. janúar n.k. verður foreldrum og forráðamönnum 3. og 4. bekkinga boðið að koma í viðtöl hjá umsjónarkennurum. Áætlað er að hvert viðtal taki ekki lengri tíma en 10 mín. og verður foreldrum boðið að koma á milli 12:50 og 18:00. Nemendur í 3. og 4. bekk fara heim með bréf þar sem útskýrt er hvernig hægt er að skrá sig á ákveðna tíma til að forðast biðraðir, sjá [hér](#). Viðtölin fara fram í heimastofum bekkja á 3. og 4. hæð skólans og því gott að mæta tímanlega til að finna rétta stofu. Námsráðgjafar verða til staðar á 3. og 4. hæð þar sem viðtölin fara fram. Skólastjórnendur og deildarstjórar verða til taks í húsinu fram eftir degi. Ef einhverjar spurningar vakna hafið þá samband við nemendapjónustuna.

Stoðtímar í stærðfræði

Stoðtímar í stærðfræði eru á mánudögum frá klukkan 15:40 til 17:00.

